

## Listó

Listafélag Verzlunarskóla Íslands setur upp leiksýningu í hátíðarsal skólans ár hvert. Mikill metnaður er lagður í uppsetninguna og ekki síður í leikmyndina en nemendur sjá alfarið um hana sjálfir. Leikverkið sem listanefndin valdi að þessu sinni til uppsetningar er nútímaleg uppfærsla á frægasta ástarharmleik allra tíma eftir William Shakespeare. Þrátt fyrir að varpa nýju ljósi á kynjahlutverk í verkinu heldur Rómeýja og Júlía tryggð við söguþráðinn, sem er um tvo unga einstaklinga sem upplifa forboðna ást vegna óskiljanlegs fjölskyldurígs.



Leikstjóri verksins er Bjarni Snæbjörnsson og notast var við handrit eftir Hallgrím Helgason. Þessi sýning er í boði Listafélags Verzlunarskóla Íslands.

Við hvetjum fjölskyldur nemenda eindregið til þess að koma og njóta saman metnaðarfullrar leiksýningar á vægu verði. Leikritið var frumsýnt 7. nóvember en næstu sýningar eru 9. 11. 13. og 15. nóv. Hægt er að kaupa miða á [midi.is](http://midi.is).

## Af dansleikjahaldi

Nemendafélagið stóð fyrir dansleik í Hörpu 28. nóvember síðastliðinn. Óhætt er að segja að það hafi farið vel fram á allan hátt. Gestir voru rétt um 800 og af þeim blésu ríflega helmingur (um 55%). Aldrei áður hefur jafn stórt hlutfall nemenda verið í edrú-pottinum og erum við afar stolt af nemendum okkar, starfsfólki sem og foreldrum sem koma að böllunum. Vonandi heldur þetta áfram svona.



## Stytting framhaldsskólanna

Við viljum vekja athygli á væntanlegri ráðstefnu um styttingu framhaldsskólanna sem haldin verður milli kl. 17 og 19 í Norðurljósasal Hörpu þann 19. nóvember næstkomandi.

Fyrir ráðstefnunni stendur Unnur Lárusdóttir, nemandi á öðru ári í Verzlunarskólanum. Hægt er að kynna sér dagskrána á [Facebook](https://www.facebook.com).

## Miðannarmat, eftirfylgni:

Nú er kennsla þessarar annar rúmlega hálfnuð og því rétt að hvetja foreldra og forráðamenn til þess að fara yfir stöðu mála með börnum sínum, bæði hvað varðar námsframvindu og ekki síður varðandi mætingar. Miðannarmatið er gott viðmið og eru niðurstöður matsins notaðar af skólafyrirvöldum til þess að ýta við nemendum sem fengu slaka útkomu. Námsráðgjafar eru nú að kalla þá nemendur til sín sem komu illa út, leita skýringa á stöðu þeirra og hvetja þá til þess að taka námið fastari tókum.

## Kennslukönnun

Dagana 10. til 12. nóvember fer fram árleg kennslukönnun þar sem nemendur eru spurðir ýmissa spurninga er varða nám, kennslu og aðbúnað. Markmiðið er að fá endurgjöf frá nemendum sem nýtist til umbóta í skólastarfi. Kennslukönnunin er liður í sjálfsmati skólans. Könnunin hefur einnig verið nýtt til þess að spyrja nemendur út í viðhorf og upplifun þeirra á ýmsu sem snýr að skólabrag. Að þessu sinni verður spurt um jafnrétti í viðum skilningi. Óski forráðamenn nemenda yngri en 18 ára eftir því að börn þeirra taki ekki þátt í könnuninni þá er þeir beðnir um að hafa samband við gæðastjóra [Hrafnhildi Guðmundsdóttur](https://www.facebook.com).